

Fimmtudaginn 14. maí 1998.

Nr. 185/1998.

**Jóhannes Jóhannesson**

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

**Svavari Guðlaugssyni og****Steinunni Guðmundsdóttur**

(Valgeir Kristinsson hrl.)

Kærumál. Aðfarargerð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. apríl 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 22. apríl 1998, þar sem staðfest var ákvörðun sýslumannsins á Hvolsvelli 17. október 1997 um að hafna kröfu sóknaraðila um aðfarargerð á hendur varnaraðilum. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar. Til vara krefst sóknaraðili þess, að nefnd ákvörðun sýslumanns verði felld úr gildi og honum gert að framkvæma umbeðna aðfarargerð, svo og, að mælt verði fyrir um, að sýslumanninum á Hvolsvelli beri að víkja sæti við gerðina. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Í beiðni sóknaraðila til sýslumanns 3. september 1997 krafðist hann þess, að fram færi aðfarargerð til að veita sér umferðarrétt um nánar tilgreindan vegarslóða í landi jarðarinnar Fögruhlíðar í Fljótshlíðarhreppi frá Þjóðvegi að merkjum hennar og Torfastaða á móts við sumarhús sóknaraðila í landi síðarnefndu jarðarinnar með þeim skilyrðum, sem greindi í bréfum landbúnaðarráðuneytisins 5. maí 1994. Um heimild til aðfarargerðarinnar vísaði sóknaraðili til dóms Hæstaréttar 6. júní 1996 í máli milli sín og varnaraðilans Steinunnar

Guðmundsdóttur. Í dómsorði þess dóms sagði meðal annars: „Viðurkenndur er réttur stefnda, Jóhannesar Jóhannessonar, til umferðar um vegarslóða í landi jarðarinnar Fögruhlíðar..., sem liggur frá Fljótshlíðarvegi um hlið á túngirðingu, þaðan til suðausturs um brú á Pverá (Kvoslækjará) og að markalínu Fögruhlíðar og Torfastaða á móts við sumarhús stefnda í landi Torfastaða með þeim skilyrðum, sem sett eru í bréfum landbúnaðarráðuneytis 5. maí 1994.“ Þá var varnaraðilanum gert að greiða sóknaraðila málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með tilvitnuðu dómsorði í dómi Hæstaréttar fékk sóknaraðili viðurkenningu fyrir þargreindum réttindum sínum. Dómurinn lagði hins vegar ekki skyldu á varnaraðila til að veita þann umferðarrétt, sem fjallað var um í málinu, enda var þess ekki krafist af sóknaraðila. Dómur sem þessi, er veitir aðeins dómhafa viðurkenningu fyrir rétti, en leggur enga skyldu á dómþola, felur ekki í sér heimild til aðfarar samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, þótt styðjast megi við hann eftir atvikum sem sönnunargagn til að leita aðfarargerðar samkvæmt 12. kafla sömu laga. Samkvæmt þessu fullnægði málatalbúnaður sóknaraðila ekki því ófrávíkjanlega skilyrði, að aðfarargerð geti aðeins farið fram til að fullnægja skyldu samkvæmt lögakveðinni aðfararheimild. Bar því sýslumanni að hafna kröfu sóknaraðila um aðför af þessum sökum. Í þessu ljósi eru ekki efni til að fjalla sérstaklega um aðalkröfu sóknaraðila fyrir Hæstarétti, sem er reist á því, að héraðsdómara hefði borið að taka frekar afstöðu en gert var í hinum kærða úrskurði til kröfu varnaraðila um hæfi sýslumanns til að fara með gerðina. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar þannig staðfest um annað en málskostnað, en rétt þykir, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að fulltrúi sýslumannsins á Hvolsvelli tók afstöðu til beiðni sóknaraðila um aðfarargerð með skriflegum „úrskurði“, þar sem meðal annars var greint frá rökum fyrir því að hafna kröfu sóknaraðila um gerðina. Ákvörðun um framgang gerðar í þeim búningi er andstæð ákvæði 1. mgr. 27. gr. laga nr. 90/1989. Þá bera gögn málsins með sér, að krafa sóknaraðila um dómsúrlausn og gögn frá sýslumanni vegna aðfarargerðarinnar bárust Héraðsdómi Suðurlands 27. og 28. október 1997, en málið var ekki tekið fyrir á

dómpingi fyrr en 26. febrúar 1998. Á þeim óhæfilega drætti liggja engar skýringar fyrir.

### D ó m s o r ð:

Ákvörðun sýslumannsins á Hvolsvelli 17. október 1997 um að hafna kröfu sóknaraðila, Jóhannesar Jóhannessonar, um aðfarargerð á hendur varnaraðilum, Svavari Guðlaugssyni og Steinunni Guðmundsdóttur, er staðfest.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

### Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 22. apríl 1998.

Mál þetta var þingfest 26. febrúar 1997, en tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 10. mars sl.

Sóknaraðili er Jóhannes Jóhannesson, kt. 280733-2969, Kjarlandi 35, Reykjavík, en varnaraðilar Svavar Guðlaugsson, kt. 270435-2629, og Steinunn Guðmundsdóttir, kt. 051237-4049, bæði til heimilis að Fögruhlíð, Fljótshlíð, Rangárvallasýslu.

Samkvæmt bréfi, dagsettu 23. október 1997, eru af hálfu sóknaraðila gerðar eftirfarandi dómkröfur:

1. Héraðsdómur felli úr gildi úrskurð sýslumanns frá 17. 10. 1997 og sýslumanni verði gert að framkvæma hina umbeðnu aðfarargerð í samræmi við aðfararbeiðni.
2. Gerðarbeiðandi krefst þess, að sýslumanni Rangárvallasýslu (sic) verði gert að víkja sæti við framkvæmd hinnar umbeðnu aðfarargerðar.
3. Gerðarþoli verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi eða eftir mati dómsins, ef málskostnaðarreikningur verður ekki lagður fram.

Varnaraðili gerir eftirfarandi kröfur:

1. Hinn kærði úrskurður sýslumanns verði staðfestur.
2. Kröfu stefnanda (sóknaraðila) um, að sýslumanni Rangárvallasýslu (sic) verði gert að víkja sæti, verði vísað frá dómi.
3. Stefnanda (sóknaraðila) verði gert að greiða stefndu (varnaraðilum) málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi auk 24,5% virðisaukaskatts af málskostnaði auk dráttarvaxta.

### Málavextir.

Sóknaraðili máls þessa er eigandi sumarhúss, sem stendur í landi jarðarinnar Torfastaða í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.

Lönd framangreindrar jarðar og ríkisjarðarinnar Fögruhlíðar liggja saman, og stendur sumarhús stefnanda skammt frá markalínu jarðanna. Síðla árs 1992 lýstu varnaraðilar, sem þá voru ábúendur á jörðinni Fögruhlíð, yfir því, að þau bönnuðu sóknaraðila alla umferð um lönd jarðarinnar. Af þessu hófst málarekstur milli málsaðila, og var mál þingfest fyrir Héraðsdómi Suðurlands 18. október 1994.

Endanleg úrslit þess máls fengust með því, að 6. júní 1996 kvað Hæstiréttur upp dóm í deilumáli málsaðila, og segir svo í dómsorði:

„Viðurkenndur er réttur stefnda, Jóhannesar Jóhannessonar, til umferðar um vegarslóða í landi jarðarinnar Fögruhlíðar í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu, sem liggur frá Fljótshlíðarvegi um hlið á túngirðingu, þaðan til suðausturs um brú á Þverá (Kvoslækjará) og að markalínu Fögruhlíðar og Torfastaða á móts við sumarhús stefnda í landi Torfastaða með þeim skilyrðum, sem sett eru í bréfum landbúnaðarráðuneytis 5. maí 1994.“

Eftir að dómur þessi var kveðinn upp, seldi landbúnaðarráðuneytið varnaraðilum jörðina Fögruhlíð 5. nóvember 1996. Í afsalinu er svohljóðandi ákvæði:

„Jafnframt yfirtekur kaupandi réttindi og skyldur seljanda vegna umferðarréttar Jóhannesar Jóhannessonar um land jarðarinnar skv. bréfi seljanda, dags. 5. maí 1994. Kaupandinn hyggst segja upp umferðarrétti Jóhannesar, og gerir seljandi engar athugasemdir við það, en undanskilur sig allri ábyrgð og fébótum, rísi um það ágreiningur.“

Að gerðum þessum kaupum sendu varnaraðilar sóknaraðila bréf, dagsett 13. janúar 1997, og sögðu varnaraðilar þar sóknaraðila upp umferðarrétti þeim, sem honum hafði verið veittur með bréfi landbúnaðarráðuneytisins, dags. 5. maí 1994, og staðfestur hafði verið með dómi Hæstaréttar 6. júní 1996. Sóknaraðili mótmælti þessari uppsögn með bréfi, dags. 23. janúar 1997, og vitnar þar í fyrrgreindan hæstaréttardóm. Er því hafnað, að varnaraðilar eigi rétt á því að segja umferðarréttinum upp. Af hálfu varnaraðila er þessum mótmælum svarað og ítrekaður réttur til uppsagnar á umferðarréttinum.

Að morgni 3. maí 1997 leitaði sóknaraðili til lögreglunnar á Hvolsvelli og kærði það athæfi varnaraðila að hafa lokað umræddum vegi fyrir sér. Gengu síðan kærumál á milli málsaðila fyrir lögreglunni á Hvolsvelli eða fyrir lögreglustjóra. Liggja frammi í málinu sex lögregluskýrslur, dagsettar á tímabilinu frá 3. maí til 24. júlí 1997, auk bréfa til sýslumanns. Lauk þessum klögumálum með bréfi sýslumanns til lögmans sóknaraðila, dags. 13. ágúst 1997, en þar segir m. a.: „Málið er þess eðlis, að ekki verður á það höggvið

af embættinu og framkvæmdar þvingunaraðgerðir, opnuð hlið eða uppi hafðar aðrar lögregluaðgerðir. Umbjóðandi yðar verður að leita til dómstóla um málefni þetta að okkar mati. Aðgerðum í þágu umbjóðanda yðar með atbeina lögreglu er algerlega hafnað, eins og staða málsins er í dag.“

Sóknaraðili sendi sýslumanninum á Hvolsvelli aðfararbeiðni 3. september 1997. Í henni er þess krafist, að fram fari aðfarargerð til að veita sóknaraðila umferðarrétt um vegarslóða í landi jarðarinnar Fögruhlíðar í Fljótshlíðarhreppi (sic), Rangárvallasýslu, sem liggur frá Fljótshlíðarvegi (sic) um hlið á túngirðingu, þaðan til suðausturs um brú á Pverá (Kvoslækjará) og að markalínu Fögruhlíðar og Torfastaða á móts við sumarhús sóknaraðila í landi Torfastaða, með þeim skilyrðum, sem sett eru í bréfum landbúnaðarráðuneytis 5. maí 1994.

Aðfararbeiðnin var tekin fyrir á fundi í skrifstofu sýslumannsins á Hvolsvelli 16. september sl. Var hann sóttur af hálfu beggja málsaðila, og reifuðu þeir mál sitt fyrir fulltrúa sýslumanns. Með úrskurði 17. september sl. hafnaði síðan sýslumaður kröfu sóknaraðila um aðför.

Það athugist, að í skjölum sóknaraðila er Fljótshlíðarhreppur ranglega nefndur „Fljótshlíðarhreppur“.

#### *Málsástæður og lagarök.*

Kröfu sína um, að Héraðsdómur Suðurlands felli úr gildi úrskurð sýslumannsins á Hvolsvelli frá 17. október 1997 og sýslumanni verði gert að framkvæma hina umbeðnu aðfarargerð, reisir sóknaraðili á því, að samkvæmt 1. mgr. 116. gr. 1. nr. 91/1991 sé dómur Hæstaréttar endanleg málalok og dómurinn bindi málsaðila. Sýslumanni sé samkvæmt aðfararlögum ætlað það hlutverk að framkvæma aðför á grundvelli dóma, og hafi sýslumaður enga heimild að lögum til þess að leggja efnislegt mat á niðurstöðu dóma, þ. e. a. s. forsendur og lagaatriði fyrir dómsúrlausn. Þannig hafi sýslumanni verið óheimilt að taka afstöðu til þess, hvort heimilt hafi verið að segja upp því réttarástandi, sem Hæstiréttur hafi fjallað um í dómi sínum. Þá vísar sóknaraðili til þess, að varnaraðili hafi ekki átt rétt á því að segja upp umferðarréttinum einhliða. Samkvæmt hæstaréttardóminum sé vegarslóðinn og brú yfir vað, sem liggur um slóðann, í sameign sóknaraðila og varnaraðila. Sóknaraðili verði ekki gert að þola uppsögn nema gegn innlausn á þeim eignarréttindum, sem sóknaraðili missir í kjölfar sviptingar umferðarréttarins.

Kröfu sína um, að sýslumanni Rangárvallasýslu (sic) verði gert að víkja sæti, styður sóknaraðili því, að hann sé vanhæfur til þess að fara með málið á grundvelli 2. mgr. 4. gr. 1. nr. 90/1989. Sýslumaður hafi komið að þessum

ágreiningsi aðila frá upphafi. Hann hafi þannig komið að málinu sem lög-reglustjóri, áður en sóknaraðili leitaði til dómstóla með þær kröfur, sem staðfestar eru í téðum hæstaréttardómi. Hann hafi synjað um aðstoð til að halda uppi allsherjarreglu, þegar varnaraðilar meinuðu sóknaraðila að fara um vegarslóða þann, sem deilt var um. Loks hafi hann eftir uppkvaðningu hæstaréttardómsins hafnað því að veita atbeina að því að aflétta hindrun-um varnaraðila og með þeim rökum, að réttindin væru óviss með tilliti til uppsagnar varnaraðila á réttindunum. Þannig sé ljóst, að fyrri afskipti sýslumanns hafi það í för með sér, að hann sé vanhæfur til þess að fjalla um aðfararbeiðnina sem sýslumaður.

Varnaraðilar styðja kröfu sína um, að dómurinn staðfesti úrskurð sýslu-manns frá 17. október sl., við það, að sóknaraðili hafi ekki undir höndum aðfararhæfan dóm, er heimili beina innsetningu. Hæstaréttardómurinn hafi leyst úr réttarágreiningi vegna aðstæðna, sem fyrir voru, áður en varnar-aðilar eignuðust jörðina. Varnaraðilar, sem séu nú löglegir eigendur og ábúendur jarðarinnar, hafi sagt umferðarréttinum upp á lögmætan hátt, og geti sóknaraðili ekki reist á hæstaréttardóminum nein réttindi til afnota á vegarslóðanum. Telja varnaraðilar, að hæstaréttardómurinn viðurkenni, að umferðarrétturinn sé takmarkaður og háður leyfi jarðareigenda á hverjum tíma, en sé ekki kvöð á jörðinni, sem eigi megi hnika.

Sóknaraðili hafi leitað innsetningar á grundvelli 72. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 án þess að hafa undir höndum aðfararhæfan dóm, og beri því að hafna öllum kröfum hans.

#### *Niðurstöður.*

Sóknaraðili reisir kröfur sínar um innsetningu á því, að Hæstiréttur hafi 6. júní 1996 kveðið upp endanlegan dóm í ágreiningi milli aðila máls þessa um umferðarrétt sóknaraðila um landareign varnaraðila.

Hæstiréttur kvað 6. júní 1996 upp dóm í ágreiningsmáli milli málsaðila. Aðstæður voru þá þær, að varnaraðilar voru ábúendur á ríkisjörðinni Fögruhlíð samkvæmt byggingarbréfi, dagsettu 20. ágúst 1992, og byggðist dómur Hæstaréttar m. a. á því, að umferðarréttur sóknaraðila raskaði ekki í néinu lögbundnum og umsömdum leiguliðaafnotum varnaraðila.

Hæstiréttur hefur því ekki tekið afstöðu til núverandi aðstæðna, eftir að varnaraðilar urðu eigendur að jörðinni Fögruhlíð samkvæmt afsali, dags. 5. nóvember 1996, en dómur Hæstaréttar styðst við það, að landbúnaðarráðuneytið hafi sem handhafi eignarréttar yfir jörðinni Fögruhlíð haft heimild til að veita sóknaraðila umferðarrétt um landareignina, svo sem það gerði með bréfi, dagsettu 5. maí 1994, en í bréfi landbúnaðarráðuneytisins segir:

„Ákvörðun þessi, sem gildir, þar til annað verður ákveðið af ráðuneytinu, er háð neðangreindum skilyrðum:“ – og voru þar sett ákveðin skilyrði fyrir umferðarréttinum.

Samkvæmt þessu er ljóst, að réttur til að veita umferðarrétt um landareignina er nú sem áður á höndum eigenda jarðarinnar, og á sama hátt og landbúnaðarráðuneytið veitti á sínum tíma sóknaraðila umferðarrétt um landareignina, verður að telja, að varnaraðilar hafi rétt til að segja sóknaraðila upp þeim umferðarrétti, sem fyrri landeigandi hafði veitt. Verður ekki talið, að heimild landbúnaðarráðuneytisins í fyrrgreindu bréfi frá 5. maí 1994 hafi stofnað slíka kvöð, að landeiganda hafi verið óheimilt að segja umferðarréttinum upp, enda bendir orðalag hinnar einhliða yfirlýsingar landbúnaðarráðuneytisins, þar sem segir: „Ákvörðun þessi, sem gildir, þar til annað verður ákveðið af ráðuneytinu,“ til hins gagnstæða. Umferðarréttinum var sagt upp frá 20. mars 1997 að telja með bréfi, dagsettu 13. janúar 1997, og verður samkvæmt framansögðu talið, að varnaraðilar hafi sagt þessum umferðarrétti upp með hæfilegum fyrirvara, enda ber jafnframt að líta til þess, að sóknaraðila er á engan hátt meinað að nota sumarbústað sinn í landi Torfastaða og á greiða leið að honum um land þeirrar jarðar.

Ákvæðið í afsalinu frá 5. nóvember 1996, þar sem segir:

„Jafnframt yfirtekur kaupandi réttindi og skyldur seljanda vegna umferðarréttar Jóhannesar Jóhannessonar um land jarðarinnar skv. bréfi seljanda, dags. 5. maí 1994. Kaupandinn hyggst segja upp umferðarrétti Jóhannesar, og gerir seljandi engar athugasemdir við það, en undanskilur sig allri ábyrgð og fébótum, rísi um það ágreiningur“ – verður ekki skilið á annan hátt en þann, að þar hafi seljandi, landbúnaðarráðuneytið, einfaldlega verið að koma í veg fyrir, að það drægist inn í hugsanlegar deilur milli hinna nýju eigenda jarðarinnar og eigenda sumarbústaðarins vegna umferðarréttarins.

Þá er af hálfu sóknaraðila því haldið fram, að einhliða uppsögn af hálfu varnaraðila sé óheimil, með vísan til þess, að samkvæmt dómi Hæstaréttar sé viðurkennt, að vegarslóðinn og brúin séu í sameign sóknaraðila og varnaraðila og sóknaraðila verði því ekki gert að þola uppsögn á þessum umferðarréttindum nema gegn innlausn á þeim eignarréttindum, sem í veginum og brúnni felast. Ekki verður talið, þótt Hæstiréttur hafi í dómi sínum komist að þeirri niðurstöðu, að ekki séu glöggar heimildir um eignarrétt að vegarslóðanum og brúnni og af gögnum málsins hafi mátt ráða, að bæði sóknaraðili og fyrri ábúandi hafi kostað nokkru til framkvæmda, að það komi í veg fyrir, að varnaraðili geti sagt upp umferðarréttinum. Verður að telja, að sóknaraðili verði að sækja sérstakt mál til heimtu bóta fyrir missi á eign sinni, ef um slíka eign er að ræða.

Í máli þessu er krafist réttinda yfir fasteign með úrskurði dómara á grundvelli dóms samkvæmt 72. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Eins og rakið hefur verið hér að framan, verður ekki fallist á, að sóknaraðili hafi undir höndum lögmæta aðfararheimild gagnvart varnaraðilum, eins og mál hafa skipast, og verður því að staðfesta ákvörðun sýslumannsins á Hvolsvelli, sem tekin var í úrskurðarformi, og hafna kröfu sóknaraðila um innsetningu í umferðarrétt um land Fögruhlíðar í Fljótshlíðarhreppi.

Sóknaraðili hafði ekki uppi kröfu fyrir sýslumanni um, að hann viki sæti í máli þessu. Verður ekki séð, að ástæða sé fyrir dóminn að taka afstöðu til þess, hvort sýslumanni hefði verið rétt að víkja sæti, ef krafa hefði komið fram um það.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, 80.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til þeirrar skyldu varnaraðila að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Kristján Torfason dómstjóri kveður upp þennan úrskurð.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins á Hvolsvelli, sem tekin var í úrskurðarformi, um að hafna kröfu sóknaraðila um innsetningu í umferðarrétt um land Fögruhlíðar í Fljótshlíðarhreppi.

Sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, 80.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til skyldu varnaraðila að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

---